MENNING

Upplifunin sjálf er merkingin

Yfirlitssýning á verkum Roni Horn opnuð í Listasafni Reykjavíkur

Eftir Helgu Kristínu Einarsdóttur
helgakristin@gmail.com

YFIRGRIPSMESTA sýning sem sett hefur verið upp á verkum Roni Horn á Norðurlöndum verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í dag. Á sýningunni eru ljósmyndir, þrívíð verk, teikningar, bækur og glerverk valin í samvinnu við listamanninn, sem endurspegla bæði náið samband hennar við Ísland og varpa ljósi á feril hennar.

Roni Horn kom fyrst til Íslands sem ungur listnemi fyrir rösklega 25 árum. Hún hefur ferðast meira um landið en flestir Íslendingar og hefur sótt innblástur í óspillta náttúru í mörgum af sínum þekktustu verkum. Skemmst er að minnast Vatnasafnsins í Stykkishólmi, sem opnað var 5. maí síðastliðinn, skúlptúrinnsetningar með glersúlum sem geymir vatn úr 24 íslenskum jöklum.

Linda Norden listfræðingur og safnstjóri heldur fyrirlestur á ensku um verk Roni Horn í Hafnarhúsinu á morgun klukkan 14 og er hún fyrst spurð út í heiti sýningarinnar, My Oz og þýðingu þess.

Hennar Oz

„Á sýningarskránni er ljósmynd af Roni Horn sjálfri, sem er fátítt í hennar listsköpun, þar að auki horfir hún beint á mann. Hún kallar sýninguna „My Oz“, sem gefur til kynna að hún sé að varpa sinni eigin skynjun eða fantasíu, hennar Oz er ekki endilega Oz annarra. Þýðing þess magnast svo enn fremur við það að hér er ekki bara um að ræða yfirlitssýningu á verkum hennar, heldur yfirlitssýningu á Íslandi,“ segir hún.

Linda Norden hefur fylgst með listsköpun Roni Horn frá upphafi og varð strax fyrir sterkum áhrifum sem ekki sér fyrir endann á. „Samband mitt við verk hennar hefur varað lengi og verið mér afar þýðingarmikið,“ segir hún.

Linda veltir því meðal annars fyrir sér hvers konar Ísland verður til í gegnum list Roni Horn og hefur jafnframt áhuga á því hvernig listamaðurinn birtist sjálfur í listsköpun sinni. „Þegar Roni Horn hefur talað um Galdrakarlinn frá Oz hefur hún meðal annars sagt að hann hafi fært sér Kansas. Fæstir myndu segja að Galdrakarlinn frá Oz kallaði fram Kansas í þeirra huga, miklu frekar Borg smaragðanna. Þetta rennur ljóslifandi upp fyrir mér núna eftir að hafa komið til Stykkishólms. Vatnasafnið er mikið og metnaðarfullt verkefni, en að sama skapi ótrúlega hreint og beint. Þar renna Kansas og Oz saman á mjög sérkennilegan máta. Ísland er Oz og Kansas birtist sem lítill bær án uppháfningar, þar sem hversdagslífið og lífsbjörgin eru í fyrirrúmi. Svo kemur hið skapandi og óstýrláta ímyndunarafl hugans til skjalanna,“ segir hún.

Einstakt vald

Þegar listsköpun er annars vegar er umræða um merkingu sjaldan langt undan. Og Roni Horn segir sjálf að upplifun hvers og eins af verkum hennar sé merkingin. „Fyrir mér kallar það hins vegar fram þá retórísku spurningu, hver upplifunin sé og hvort hún sé raunverulega mín. Getur hún verið mín, en samt háð framsetningu listamannsins?“

Henni verður líka tíðrætt um einstakt vald listamannsins á kringumstæðum og framsetningu verka sinna. „Ég hef líka lengi velt fyrir mér formi efnisins sem hún notar, henni tekst ævinlega að laða fram hárréttu eiginleikana. Efniviðurinn er ekki bara efnið eða eiginleikar þess, heldur hvað það getur gert. Ég nefni sem dæmi glerfleyga sem ég sá á sýningu hjá henni fyrir mörgum árum og gúmmíkvoðufleyga sem hún sýndi í safni Yale-háskóla og gerðu mig forviða í einfaldleika sínum. Þar var ekki bara um að ræða efni í rými heldur samspil efnis og rýmis sem náði virkilegum tökum á ímyndunaraflinu,“ segir Norden að lokum.



Morgunblaðið/RAX

Margir miðlar Á yfirlitssýningunni um Roni Horn eru meðal annars ljósmyndir, þrívíð verk og teikningar.



Listfræðingurinn Hefur fylgst með verkum Horn frá upphafi.

Konsertpíanisti, já

Eftir Bergþóru Jónsdóttur
begga@mbl.is

VÍKINGUR Heiðar Ólafsson píanóleikari spilar í kvöld á hátíðartónleikum Kópavogsbæjar sem haldnir eru í tilefni af afmæli bæjarins. Hann leikur Franska svítu nr. 5 í G-dúr eftir J.S. Bach og sónötu nr. 3 í h-moll eftir F. Chopin, auk Appassionata-sónötunnar eftir Beethoven. Þá frumflytur Víkingur glænýja píanósvítu eftir föður sinn, Ólaf Óskar Axelsson.

Víkingur var kjörinn flytjandi ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar þegar Íslensku tónlistarverðlaunin voru veitt fyrir árið 2006, en óhætt er að fullyrða að sjaldan eða aldrei hafi íslenska þjóðin átt annað eins efni í píanóleik. Víkingur hefur verið sér meðvitandi um þá umræðu sem um hann hefur verið og í viðtali við Morgunblaðið í haust sagði hann: „... ég er ekki háður áliti annarra á mér og vona að ég hafi styrk og sé meðvitaður um það hvernig sem hlutirnir fara hjá mér.“ Blaðamaður heyrði þá á máli manns við annan að það væri mikið lán hvað hann Víkingur væri skynsamur og raunsær; það væri kannski besta veganestið ef hann ætlaði sér á annað borð að hafa lifibrauð af því í framtíðinni að vera konsertpíanisti. Nú er komið vor, Juilliard-skólanum í New York að ljúka hjá Víkingi, og að baki heilmikið tónleikaferðalag um Kanada, þar sem hann hélt tíu tónleika á þrettán dögum. „Ef maður kemst í gegnum slíkt álag á lífi, þá getur maður hvað sem er,“ segir Víkingur, nýkominn heim til landsins. „Hér heima æfir fólk prógramm í svo og svo langan tíma, og spilar það kannski einu sinni. Þegar fólk veit að tækifærið er bara eitt, þá eykst pressan. Tónleikaupplifunin breytist mikið við það að spila mikið og oft, og ég nýt þess ennþá meira að koma fram núna. Nú líður mér eins og ég sé heima hjá mér þegar ég er að spila fyrir fólk. Maður lærir á sjálfan sig undir álagi. Á tónleikum þarf maður að vera fullkomlega í núinu. Það er galdur að láta það ekki á sig fá þótt maður geri mistök, en ef manni gengur of vel er hætta á því að maður slaki á, verði sjálfumglaður og fái bakslag. Þess vegna var þessi tónleikaferð rosalega góður lærdómur. Það er átak að spila svona oft, en líka góð æfing í að missa ekki einbeitinguna, því það er brjálaður fókus sem maður þarf að hafa í þessar níutíu mínútur. Þetta er gott veganesti fyrir mig og ekki allir sem fá svona tækifæri. Það eru forréttindi að vera beðinn að koma aftur og aftur og fá góð tækifæri til að koma fram. Manni verður að líða vel á sviðinu. Ef manni líður illa er hætt við að áheyrendum líði líka illa. Við þær kringumstæður að manni líður vel á sviðinu og allt annað í lagi, þá getur galdurinn gerst.“



Morgunblaðið/Eyþór

Konsertpíanisti Víkingur Heiðar Ólafsson.

Það fer varla á milli mála hvert Víkingur Heiðar stefnir, en fyrir siða sakir skal spurt, því af öllum þeim fjölda sem lærir á hljóðfæri og á sér stóra drauma er aðeins agnarlítið brot sem lifir þann draum.

„Jú, ég stefni á feril sem konsertpíanisti. Undanfarin tvö, þrjú ár hefur tónleikahaldið verið að aukast smám saman, einmitt eins og ég óskaði mér að gerðist. Maður þarf að aðlagast því. Þetta gerist hægt og svo áttar maður sig kannski á því að allt í einu er þetta orðið að veruleika. En það er algjörlega frábært þegar maður spilar einhvers staðar og er svo boðið að koma og spila aftur næsta vetur!“

Uppselt er á tónleikana í kvöld en aukatónleikar verða á mánudagskvöld kl. 20.



Vidal Firring milljónasamfélagsins á lágstemmdan en fallegan hátt.

Fagurfræði firringar

MYNDLIST

Kling og Bang gallerí Laugavegi

Blackout for Death – Alejandro Vidal

Sýningin stendur til 13. maí. Opið fimmtudaga til sunnudaga kl. 14-17. Aðgangur ókeypis

INNSETNING Alejandro Vidal í Kling og Bang gallerí samanstendur af tveimur myndbandsverkum og ljósmyndaseríu. Vidal býr og starfar í Barcelona og hefur sýnt víða á alþjóðlegum vettvangi en viðfangsefni verka hans hafa pólitískan undirtón.

Myndbandsverkið Material Dust sýnir óræða frásögn með rauntíma upptöku af gerð kvikmyndar í Hong Kong. Það er þó baksvið myndarinnar sem er hér aðalumfjöllunarefnið, og um leið og leiðangurinn um milljónaborgina vekur upp kvikmyndagoðsagnir þá er það hið einstaklega næma auga listamannsins fyrir myndbyggingu og áferð sem heillar.

Tactical Disordar er titill annars myndbands þar sem listamaðurinn draga „í efa sambandið milli öryggisstefnu og menningar óttans“. Þau skilaboð komast ágætlega til skila í verkinu en eins og í því fyrrnefnda þá er aðall verksins ekki síst fólginn í fallegri myndatöku þar sem nærmyndir af fólki við vinnu í helliregni er sérlega grípandi.

Ljósmyndaserían sýnir þrjár útgáfur af manni sem myndar sig við að skera konu á háls. Verkið fjallar um þema úr asískum neðanjarðarkvikmyndum þar sem „ofbeldisfullur dauðdagi verður að helgiathöfn og gildismat er keypt dýru verði“. Þótt viðfangsefnið sé verðugt þá vantar upp á að verkið skili hugmyndinni.

Sýningin er í heildina sterk og áhrifarík þar sem Vidal tekst að fjalla um firringu milljónasamfélagsins á lágstemmdan en fallegan hátt án allrar upphafningar.

Þóra Þórisdóttir